



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Pennans ehf.

I.

Málsmeðferð

Dagana 1. til 12. maí sl. framkvæmdi Neytendastofa skoðun á því hvort ástand verðmerkinga í verslunum í smærri verslunarkjörnum á höfuðborgarsvæðinu væru í samræmi við ákvæði laga og reglna. Kom starfsmaður Neytendastofu þ. á m. í verslun Pennans Eymundssonar í Mjóddinni í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga var ábótavant auk þess sem verðmerkingum í sýningarglugga var ábótavant. Í versluninni voru gerðar sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á prent pappír, ljósmynda albúmunum, ýmsum bókum útstilltum á gólfi og skærum. Ferðatöskur útstilltar í sýningargluggum höfðu einnig óskýrar verðmerkingar. Einnig voru gerðar sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á gjafapappír, bæði í lausu og í rúllum.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Pennans, dags. 17. maí 2023, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðananna og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfunum kom fram að könnunum stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir,



samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Þann 7. júní 2023 var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á bakpokum í glugga, einstaka tímaritum og „skemmtilegu barnabókunum“ í snúnings standi.

Með bréfi Neytendastofu Pennans, dags. 16. júní 2023, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 20. júní 2023, þar sem félagið tók fram að bakpokar í glugga væru allir verðmerktir með límmiðum sem fara á áhangandi miða á vörunni. Félagið muni skoða hvernig hægt sé að merkja þá betur. Tímarit komi verðmerkt í verslanir frá dreifingarmiðstöð félagsins en mistök hafi verið gerð í dreifingu umrædda viku þar sem stofnunin framkvæmdi könnun sína. Mistökin hafi falist í því að dönsk tímarit hafi komið óverðmerkt í verslanir. Félagið muni reyna að tryggja að slíkt hendi ekki aftur. Varðandi „skemmtilegu barnabækurnar“ á snúningsstandi vísaði félagið til þess að standurinn ætti að vera merktur með miða sem fari efst á standinn. Það hafi misfarist og verði lagfært.

Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Penninn ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun Pennans Eymundssonar í Mjóddinni í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“



Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í verslununum þær að verðmerkingum voru ábótavant í verslun félagsins í Mjóddinni. Voru n.tt. gerðar sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á bakpokum í sýningarglugga, einstaka tímaritum og „skemmtilegu barnabókunum“ í snúnings standi. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í verslununum og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Pennans ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Penninn ehf., Skeifunni 10, 108 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun Pennans Eymundssonar í Mjóddinni.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Pennann ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 5. júlí 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir